

# Fundargerð

24. fundur

*Byggðaráð Langanesbyggðar kom saman til fundar í fundarstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn kl 12:00 föstudaginn 18 apríl 2008.*

Mættir: Þórir Jónsson, Aðalbjörn Arnarsson, og Sigurður Ragnar Kristinsson ( í síma).  
Einnig sátu fundinn þeir Björn Ingimarsson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð og Björn Guðmundur Björnsson, fulltrúi sveitarstjóra.

Formaður bauð fundarmenn velkomna.

## Dagskrá.

### 1. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Íþrótt- og tómstundanefnd, 09.04.08.

Vegna fyrirætlana um útgáfu á bæklingi er því beint til nefndarinnar að slíkt verði unnið í samráði við markaðs- og ferðamálafulltrúa. Fundargerð samþykkt samhljóða.

- Landbúnaðarnefnd, 04.04.08.

Fundargerð vísað til hreppsnefndar til afgreiðslu.

- Umhverfis- skipulags- og bygginganefnd, 15.04.08.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

- Umhverfis-skipulags- og bygginganefnd, 16.04.08.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

- Atvinnumálanefnd, 17.04.08.

Fundargerð vísað til hreppsnefndar til afgreiðslu.

### 2. Mál. Verkefnastaða og framkvæmdir ársins.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála og fram kom m.a. að framkvæmdir við hafskipabryggju hefjast í viku 17, lokið er við hreinsun og myndun holræsa og von er á upplýsingum frá verktaka um magntölur vegna jarðvegsskipta í tengslum við malbikunarframkvæmdir. Stefnt er að vinnu við jarðvegsskipti lagnalagfæringar í maí og malbikun í júní.

### 3. Mál. Erindi til afgreiðslu.

- Wioleta Kuczynska. Uppsögn leigusamnings vegna Pálmholts 3.

Lagt fram til kynningar.

- Fyrirspurn um lóð undir hesthús.

Byggðaráð styður afgreiðslu USB-nefndar á málinu.

- Landgræðsla ríkisins - Samráð varðandi héraðsáætlanir Landgræðslunnar.

Samþykkt að tilnefna Björn Guðmund Björnsson, fulltrúa sveitarstjóra sem tengilið sveitarfélagsins við Landgræðsluna varðandi áframhaldandi samskipti.

- Stapi – fundarboð á ársfund, 30.04.08.

Samþykkt að senda ekki fulltrúa í á fundinn.

#### **4. Mannaráðningar vegna sumarafleysinga.**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að auglýst yrðu laus sumarstörf í næstu viku.

#### **5. Mál. Úthlutun bjargnytja.**

Sveitarstjóri kynnti drög að auglýsingu vegna bjargnytja. Drögin samþykkt og sveitarstjóra falið að koma auglýsingu í dreifingu. Jafnframt samþykkt að eggjakvöð skuli fylgja svæðum að Skipagjá og miða við 100 eggjakvöð á hvort svæði.

#### **6. Mál. Önnur mál.**

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:37.

Björn Ingimarsson, ritari.